

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. febrúar 2024  
Málsnúmer: 202401-0058  
SS

## Efni: Norðaustur vegur um Skjálfafljót. Umsögn um matsskyldu framkvæmdar.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 11. janúar 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Vegagerðarinnar á Norðausturvegi (85) í Kaldakinn, Þingeyjarsveit sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnum hefur kynnt sér greinargerð um tilkynnta framkvæmd og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Greinargerðin er afar umfangsmikil með ítarlegri lýsingu á framkvæmd og nákvæmri umfjöllun um áhrif framkvæmdar á marga umhverfisþætti. Byggist sú umfjöllun á athugunum á vettvangi eða annarri greiningarvinnu m.a. á jarðminjum, gróðurfari, lífríki ferskvatns, fuglalífi, náttúruvá og landslagi. Náttúrufræðistofnun vann úttekt og mat áhrif framkvæmdar á gróðurfar, jarðminjar og náttúruvá. Í raun má segja að með svo greinargóðri söfnun upplýsinga og úrvinnslu þeirra til að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu forsendur fyrir framkvæmd á fullu mati á umhverfisáhrifum til staðar.

Ljóst er að framkvæmd á áformaðri breyttri veglínu Norðausturvegar myndi valda töluverðum áhrifum á náttúru svæðisins, sér í lagi á gróðurfar og fuglalíf þar sem vistgerðum með hátt verndargildi, einkum votlendi, yrði raskað sem og búsvæðum fugla í votlendi, mólendi og við Skjálfafljót. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar um úttekt á gróðurfari svæðisins og mat á áhrifum framkvæmdar á það kemur fram eindregið álit stofnunarinnar um að áhrifin geti verið mjög neikvæð. Í tilkynningunni er greint frá ýmsum mótvægisáðgerðum s.s. hönnunarútfærslum við vegagerð í votlendi, almennum frágangi og fyrirhugaðri endurheimt votlendis. Allt eru það ágætar og mikilvægar áðgerðir en breyta ekki niðurstöðu stofnunarinnar um áhrif framkvæmdarinnar á þessa umhverfisþætti. Þá kemur ekki fram hvar áformuð endurheimt eigi að fara fram. Stofnunin tekur undir mat Náttúrustofu Norðausturlands á því að framkvæmdin muni hafa talsvert neikvæð áhrif á fuglalíf.

Einnig er tekið undir ábendingar Hafrannsóknarstofnunar um að forðast ætti efnistöku úr áreyrum Skjálfafljóts vegna neikvæðra áhrifa á lífríki. Þá vekur furðu að í annars ítarlegu mati á ásýndaráhrif framkvæmdarinnar hafi einungis verið lagt mat á ásýndaráhrif af einu efnistökusvæði af fjórum en hinar námurnar þrjár munu valda töluverðu raski.

Fram kemur í greinargerðinni að framkvæmdin liggur innan verndarsvæða að hluta og mun valda raski á náttúruminum sem falla undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 (sérstök vernd), bæði votlendi og nútímahrauni. Í ljósi þessa, og einnig þess að athuganir á vettvangi leiða í ljós þá niðurstöðu að áhrif á gróðurfar, fuglalíf, jarðminjar o.fl. verði töluvert neikvæð, má rökstyðja að framkvæmdin sé þess eðlis að edlilegt sé að hún teljist



matsskyld. Að mati Náttúrufræðistofnunar hafa fullnægjandi rannsóknir farið fram á öllum umhverfisþáttum er tengjast fagsviði stofnunarinnar nema helst skortir betra mat á áhrif efnistöku á landslag og ásýnd. Lítið vantar því upp á til að klára vinnu við fullnægjandi umhverfismat fyrir framkvæmdina.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að svo stöddu.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

